



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 26. febrúar 2021  
USK2021020087

Borgarráð

***Bústaðavegur, Litlahlíð - Göngu- og hjólastígur.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við gerð göngu- og hjólastíga við Bústaðaveg og Litluhlíð ásamt tilheyrandi breytingum á Litluhlíð með undirgöngum. Verkefnið er hluti af verkefnum samgöngusáttmála og er samstarfsverkefni með Veitum.

Kostnaðaráætlun 2 vegna stígagerðar með undirgöngum er 180 m.kr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í apríl og ljúki í nóvember 2021.

**Greinargerð:**

Nýir göngu- og hjólastígar ásamt undirgöngum undir Litluhlíð tengjast núverandi stígum norðan Bústaðavegar. Eystri akgrein Litluhlíðar er mjókkuð niður í eina akrein. Þá er miðeyja mjókkuð. Breytingar eru gerðar á umferðarljósum við Bústaðaveg. Veitur kosta breytingar á fráveitu-, vatns- og hitalögnum. Umhverfisfrágangur felst í gerð gróðursvæða og landmótun. Verkefnið var kynnt í skipulags- og samgönguráði 16. desember 2020.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðaráætlun 2 vegna stígagerðar með undirgöngum: 180 m.kr.

Kostnaðarstaður: 3106

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:  
- Yfirlitsmynd

